VESTURLAND

17. JÚLÍ 2014
12. tölublað 3. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri:

Hlutverk safnsins er að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar

Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri er sjálfseignarstofnun sem formlega var stofnað 14. febrúar 2007, byggð á starfi Búvélasafnsins á Hvanneyri sem á rætur að rekja allt til ársins 1940. Stofnaðilar eru Landbúnaðarháskóli Íslands, sveitarfélagið Borgarbyggð og Bændasamtök Íslands. Verkefnastjóri er Bjarni Guðmundsson.

Ný hand- og hestaverkfæri leiddu til verkháttabreytinga í sveitum landsins um aldamótin 1900þ Með vélvæðingu landdbúnaðarins upp úr 1920 losnaði um vinnuafl sem hvarf til efingar annarra atvinnugreina. Í Landbúnaðarsafni Íslands má sjá elstu dráttarvélar landsins og mörg önnur tæki sem tilheyrðu sveitinni á síðustu öld. Einnig eru þarna tæki sem byggð voru á íslensku hugviti og á vegum safnsins og í samvinnu við aðra aðila er unnið að rannsóknum, m.a. á landbúnaðarsögu og eldri verkháttum, s.s. jarðrækt og fóðuröflun. Hvanneyri er sannarleg sögustaður búnaðarmenntunar og búnaðarmenningar.

Hlutverk Landbúnaðarsafns Íslands er að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hana, og annast rannsóknir og fræðslu um viðfangsefnið. Búnaðarfélag Íslands gaf safninu verðmæta gripi frá Ólafsdalsskólanum og frá búi Thors Jensen á Korpúlfsstöðum og fleirum bárust einnig ýmis verkfæri. Þessir gripir eru meðal merkustu gripa safnsins í dag.

Bjarni Guðmundsson í sætinu á gömlum Nalla, International Harvester 1020.

Í Landbúnaðarsafninu eru dráttarvéladjásnin í löngum röðum.

Neysla osta hérlendis fer hraðvaxandi

Líklega eru fáar þjóðir sem neyta meiri mjólkur en Íslendingar, nema ef vera skyldi þjóðflokkur í Kenýa, herskáir í meira lagi, sem aðallega hefur lifað á mjólk. Hvort mataræðið hefur þar áhrif á hegðunarmynstrið er órannsakað. Við Íslendingar teljum okkur vera friðsemdarfólk, þótt stundum sé stutt í baráttueðlið ef við teljum á okkur hallað. Ostagerð hérlendis er til fyrirmyndar annari íslenski matvælaframleiðslu að margra mati. Ostur er mjólkurafurð sem unnin er úr mjólk sem er látin hlaupa. Ostur er viðbit og er að mestu framleiddur úr kúa-, geita- eða sauðamjólk (þó einnig sé til ostur úr kapla- eða jafnvel úlfaldamjólk). Ostagerð er mjög algeng út um allan heim, og sumar þjóðir eru mjög þekktar fyrir ostagerð sína, s. s. Frakkar, Svisslendingar og Ítalir. Elstu heimildir um ostagerð eru frá Súmerum um 4000 fyrir Krist. Á Íslandi tíðkaðist ostagerð allt frá landnámsöld og fram á 17. -18. öld þegar hún lagðist að mestu af nema á Austurlandi. Fyrstu ostarnir á Íslandi voru líklega súrmjólkurostar (þ. e. a. s. súrostur). Um miðja 19. öld hófst ostagerð aftur á Íslandi. Á Reykjum í Þingeyjarsýslu var t.d. soðinn mysuostur við hverahita.

Á síðustu árum hefur neysla osta farið hraðvaxandi hérlendis og spottið hafa upp sérstakar ostabúðir sem njóta mikilla vinsælda.

Ostaborð verslana sem sérhæfa sig í sölu osta eru afar girnileg.

Camembert

Camembert er upprunninn í samnefndum bæ í Normandí í Frakklandi. Þjóðsagan segir að það hafi verið kona að nafni Marie Harel sem hafi dottið niður á uppskriftina árið 1791 þegar hún fékk innblástur frá presti sem var á flótta undan aftökuglöðum málsvörum frönsku byltingarinnar og hún skaut skjólshúsi yfir. Þótt heimildir bendi til að sams konar ostur hafi verið til mörgum öldum fyrr á þessum slóðum hefur þjóðsagan verið ákaflega lífseig og því var tveggja alda afmæli Camembert-ostsins haldið hátíðlegt árið 1991. Höfuðeinkenni ostsins sjálfs er fremur þykkt hringlaga form og hvít ostmygluskán en líklegast er hann hvað kunnastur á heimsvísu vegna tréöskjunnar sem hinn upprunalegi Camembert er jafnan hafður í. Camembert er nú ein vinsælasta ostategund heims og framleiddur í öllum heimshornum, með og án tréöskju. Íslendingar hafa einnig tekið Camenbert vel.

Gráðaostur

Annar ostur þar sem neysla hérlendis hefur farið hraðvaxandi er gráðaostur. Mjög líklega var það fyrir tilviljun að menn uppgötvuðu að mygla í osti skemmdi hann ekki, heldur gerði hann aðeins gómsætari. Talið er að elstu tegundir gráðaosts á borð við hinn ítalska Gorgonzola hafi verið til snemma á miðöldum og Rómverjar þekktu vel til mygluosts svo saga gráðaostsins er virðuleg og gömul. Að sama skapi á íslenski gráðaosturinn sér eldri sögu en flestar aðrar innlendar ostategundir því Mjólkursamlag KEA á Akureyri hóf framleiðslu hans þegar árið 1939. Íslenski osturinn er gerður að fyrirmynd hins franska Roquefort-osts, sem Evrópusambandið hefur lögverndað sem sérstakt upprunaheiti, líkt og reyndar hin tvö þekktustu vörumerki gráðaosts: Gorgonzola og Stilton. Með því er tryggt að allur ostur með þessu heiti komi frá nágrenni bæjarins Roquefort í Suður-Frakklandi.

Mikill vöxtur í ferðaþjónustunni á Vesturlandi

- LEX gefur út lögfræðilegan leiðarvísi fyrir ferðaþjónustuna

Lögmannsstofan LEX hefur gefið út 70 síðna leiðarvísi fyrir ferðaþjónustuna um þau lögfræðilegu atriði sem þarf að huga að við stofnun og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja. Ritinu er dreift ókeypis til ferðaþjónustufyrirtækja um allt land, þar á meðal þeirra rúmlega 150 fyrirtækja í greininni sem starfa á Vesturlandi.

„Það hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustunni á Vesturlandi," segir Helgi Jóhannesson lögmaður hjá LEX, ritstjóri leiðarvísisins. „Fyrir tíu árum voru 45 gististaðir á Vesturlandi öllu, en 2013 voru þeir 65 á skrá Hagstofunnar. Ferðaþjónustufyrirtæki með leyfi frá Ferðamálastofu voru 75 á Vesturlandi í fyrra og til viðbótar koma svo bílaleigur og fólksflutningafyrirtæki á svæðinu."

„Þegar svo mikill vöxtur á sér stað á skömmum tíma er ekki sjálfgefið að allir hafi nægilega yfirsýn um þau fjölmörgu

Helgi Jóhannesson lögmaður hjá LEX ritstýrir Leiðarvísi ferðaþjónustunnar. Helgi er mikill áhugamaður um ferðalög innanlands og hefur lokið prófi sem gönguleiðsögumaður frá Leiðsöguskólanum.

lagalegu álitamál sem geta komið upp við stofnun og rekstur fyrirtækjanna. Snertifletir ferðaþjónustunnar við yfirvöld, lög og reglur eru margir og ekki allir jafn augljósir. Við hjá LEX ákváðum því að leggja okkar af mörkum til að vísa veginn og gefa ferðaþjónustunni afraksturinn," segir Helgi.

Í leiðarvísinum er farið ítarlega yfir leyfisöflun, stofnun einkahlutafélaga, ábyrgð, tryggingamál, skattamál, samningagerð, samskipti við yfirvöld og fleira. Leiðarvísirinn er ekki tæmandi leiðbeiningarrit, en ætti að gefa góða yfirsýn. Eintök liggja frammi hjá sýslumönnum og dómstólum og einnig er leiðarvísirinn aðgengilegur á vefsíðu LEX svo og á vefsíðu SAF, Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Þessi leiðarvísir okkar hjá LEX er jafnt ætlaður stjórnendum í nýjum sem rótgrónum fyrirtækjum, til að hjálpa þeim að átta sig á því hvort þeir séu með allt á hreinu í lagalegu tilliti, eða hvort þeir þurfa að bæta úr í einstaka atriðum," segir Helgi Jóhannesson.

Ný Breiðafjarðarferja:

Væntanlega í áætlun um miðjan ágústmánuð

Sæferðir í Stykkishólmi eru að kaupa kaupa nýja og stærri Breiðfjarðarferju sem er væntanleg til landsins um miðjan ágústmánuð ef allar áætlanir ganga eftir. Ferjan kemur frá Hollandi og er svipuð þeirri ferju sem nú er í siglingum, en lengri og tekur fleiri bíla. Áður en skipið fer í áætlunarsiglingar á Breiðafirði þarf að gera á skipinu minni hátar breytingar. Nýja ferjan er 77 metra löng og getur flutt 60 fólksbíla í hverri ferð í stað 40 bíla með núverandi ferju. Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, segir að ferjan Baldur geti ekki lengur sinnt öllum farþegum og bílum á mestu álagstímum á sumrin. Gamla ferjan verður seld til Grænhöfðaeyja ef allar áætlanir um það ganga einnig eftir.

Baldur, núverandi Breiðafjarðarferja við bryggju í Stykkishólmshöfn.

Þungaflutningar að vetrarlagi aukist mikið síðustu ár vegna vaxandi framleiðslu sjávarútvegsfyrirtækja á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal, ekki síst laxeldisfyrirtækja.

Þungaflutningar landveginn um Barðaströnd hafa ekki gengið vel og því vaxandi ásókn í ferðirnar með ferjunni. Um slæma vegi að fara og fjallvegi sem oft eru ófærir. Ljóst er nú að vegafrakvæmdir í Gufudalssveit hefjast ekki fyrr en eftir allt að þremur árum vegna nýs umhverfismats á svæðinu um Teigskóg.

Útihátíðir og unglingar

Fyrstu vikuna í júlí varð nokkur umræða í fjölmiðlum um útihátíðir og ábyrgð. Eftir að útihátíð fauk út í veður og vind, eins og það var orðað, varð ljóst að eignatjón varð nokkurt og spurningar vöknuðu um ábyrgð og tryggingar. Sem ég sat og hlýddi á spjall um þetta í útvarpinu kom upp í hugann annað útvarpsviðtal sem ég hlustaði á fyrir tæpum þrjátíu árum. Sú nýjung hafði verið tekin upp í litlum skóla vestur á fjörðum að ráða „afa" til að leiðbeina börnunum og aðstoða á göngum skólans. Vakti sú ráðstöfun athygli og fjölmiðlamenn sáu ástæðu til að hringja í afann og spyrja hvernig gengi. Satt best að segja man ég ekki margt úr því stutta samtali. En undir lokin segir afinn umræddi, sem var mikill hestamaður: „Ég hef ekki orðið var við annað en að eigendur barnanna séu nokkuð ánægðir með þetta fyrirkomulag." – Þetta þótti þeim sem á hlýddu og til þekktu skondið og skemmtilegt orðalag og hestamenn hentu gaman að.

Fram undan er mesta útihátíðarhelgi ársins og sú hefð hefur skapast á Íslandi að þangað streyma unglingar í stórum hópum og ölvun og vímuefnaneysla hefur sett sterkan svip á mótshald.

Það er kannski ekki viðtekin venja að tala um foreldra sem eigendur barna sinna. Nú eru þeir tímar að smíða þarf ný orð, og helst margsamsett, til að mark þyki á fólki takandi. En þegar útihátíðir eru annars vegar er það skýrt og gott orðalag. Það ber enginn ábyrgð á þeirri dýrmætu eign sem unglingar eru nema foreldrar þeirra og engar tryggingar ná yfir það tjón sem getur orðið í lífi ungs fólks sem lendir í erfiðri lífsreynslu eða slasast.

Ég hef heyrt foreldra segja að þeir treysti barninu sínu til að fara á slíkar hátíðir og sjái enga ástæðu til að setja boð og bönn í því sambandi. En málið

Sr. Gunnar Eiríkur Hauksson.

snýst ekki um það hvort foreldrar treysta börnunum sínum eða ekki. Með því að fara eftirlitslaust á slíkar útihátíðir eru ungmenni einfaldlega sett í aðstæður sem þau ráða ekki alltaf við. Við segjum ekki að við treystum tveggja ára barni til að fara eitt um allar trissur, við vitum að það þarfnast eftirlits og aðhalds. Slysin verða því miður of mörg þrátt fyrir aðgæslu.

„Það fá allir að fara." – Þetta er setning sem ungmenni hafa notað óspart í gegnum tíðina vegna þess að þau gera sér grein fyrir því að hún býr yfir töframætti. Oftar en ekki er þó minni sannleikur á bak við þau orð en gefið er í skyn og að því komast foreldrar fljótt ef þeir ræða saman. Sem betur fer eru foreldrar orðnir meðvitaðri um ábyrgð sína í þessum efnum en áður var og umræðan er öll opnari. Þá hefur það færst í vöxt að foreldrar fari með börnum sínum á útihátíðir og úr verði skemmtun sem fjölskyldan getur öll notið saman.

Þessum orðum mínum er ætlað að hvetja foreldra til að standa vörð um sína dýrmætustu eign og láta ekki auglýsingahávaða og þrýsting úr ýmsum áttum ræna sig skynsemi og ábyrgð.

Gunnar Eiríkur Hauksson
sóknarprestur í Stykkishólmi

Úrval Útsýn kynnir

Taíland

Hua Hin og Bangkok

11 dagar á lúxus sólarströnd og heimsókn í stórborg

ÖLL VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

Hua Hin

Hua Hin er strandbær rúmlega 200 km suður af Bangkok. Staðurinn sameinar sjarma gamla fiskimannabæjarins og nútímalega ferðamannaaðstöðu með hótelum, veitingastöðum, verslunum og mörkuðum.

X.–XX. NÓV. og XX. NÓV. – X. DES.

Verð frá aðeins

299.900 KR.

á mann í 6 nætur í Hua Hin og 3 nætur í Bangkok í tvíbýli með morgunverði.

Bangkok

Bangkok er alþjóðleg, fjölbreytt og heillandi borg þar sem gamlir og nýir tímar mætast og þróast í allar áttir. Þarna eru gömul Búddahof og fagrar hallir, nútímaleg tækni og samgöngur, háhýsi, hótel, verslanir, veitingastaðir, skemmtistaðir, markaðir og fullt af áhugaverðum stöðum.

Ferðamáti í hæsta gæðaflokki

Flogið er með Icelandair til Stokkhólms og með Thai Airways breiðþotu til Bangkok.

Úrval Útsýn kynnir stórkostlega sólarferð til Taílands. Í ferðinni verður dvalið við strandbæinn Hua Hin og í heimsborginni Bangkok. Farþegar geta hagað tíma sínum að vild á báðum stöðum, en íslenskur fararstjóri verður einnig innan handar. Hvort sem þú leitast eftir afslöppun í framandi landi, ævintýri eða menningu, þá hefur Taíland svarið.

Kynntu þér Taíland á uu.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook

ÚRVAL·ÚTSÝN

Leiðari

Dramatísk HM-keppni og íslensk knattspyrna

Heimsmeistarakeppnin í Brasilíu er sú skemmtilegasta sem haldin hefur verið lengi, mun skemmtilegri en keppnin í Suður-Afríku sem var aldrei neitt sérstaklega skemmtileg. Keppnir sem haldnar eru í miklum hita, eins og nú er í Brasilíu, verða einhvern veginn miklu skemmtilegri, meira skorað og meira um dramatísk augnablik, rétt eins og áhorfendur um allan heim vilja sjá. Knattspyrna er vinsælasta íþrótt í heimi og heimsmeistarakeppni í greininni sú vinsælasta, meira að segja vinsælli en Ólympíuleikar enda þar keppt í mörgum greinum sem er hreinlega drepleiðinlegt að horfa á. Sumar íþróttagreinar eru þeim annmörkum háðar en það getur verið gaman að stunda þær en drepleiðinlegt að fylgjast með keppni í þeim. Dramatíkin á HM í Brasilíu hefur verið skemmtileg og oft taugatrekkjandi og vakið umtal langt út fyrir raðir íþróttaáhugafólks, eins og t.d. að bíta andstæðinginn, gráta í tíma og ótíma, helst yfir eigin óförum á knattspyrnuvellinum, fagna eins og óður maður eins og þjálfari Mexíkó sem er auðvitað þjálfari mótsins þótt liðið sé dottið út úr keppninni, búningar stuðningsmanna á áhorfenda þar sem hugmyndaflugið er með miklum ólíkindum en sumir þessara búninga geta varla hafa verið þægilegir í hitanum þarna suður frá. Þar eiga stuðningsmenn Hollendinga sennilega vinninginn. Innáskiptingar vekja almennt enga athygli nema í leik Hollands gegn Kosta Ríka, þegar Tim Krul, markvörður Hollendinga kom þeim í undanúrslit keppninnar með því að verja tvær vítaspyrnur en honum var skipt inn á í lok framlengingar. Þar mættu þeir Argentínumönnum en töpuðu í vítaspyrnukeppni. Hollendingar eru eina þjóðin utan heimsmeistara Þjóðverja sem fóru ósigraðir heim í venjulegum leiktíma og framlengingu. Það er auðvitað súrt fyrir Suður-Ameríkuþjóðirnar í keppninni sem töldu sig hafa visst forskot á Evrópuþjóðirnar.

Nú tekur við íslenska knattspyrnan, að vísu ekki í sama gæðaflokki, en getur verið spennandi og verður það örugglega þegar nálgast mótslok í haust. Því miður eru í svipinn ekki líkur á að Vesturlandsliðin, Akranes og Víkingur í Ólafsvík vinni sér sæti í úrvalsdeild karla, en auðvitað er of snemmt að afskrifa það. Nú styttist í útihátíðarnar um verslunarmannahelgina, sem því miður eru flestar hverjar ekkert annað en sukkhátíðir. Rétt er að benda foreldrum á varnarorð í grein sr. Gunnars Eiríks Haukssonar í blaðinu, ekki getur talist eðlilegt að unglingar fari eftirlitslaust á slíkar „skemmtanir." Sumar verslunarmannahelgarhátíðarnar eru fjölskylduvænar, eins og síldarhátíð á Siglufirði, bæjarhátíð á Akureyri og unglingalandsmót á Sauðárkróki. Svo getur fjölskyldan auðvitað átt góða stund saman heima, auk þess sem það er miklu ódýrara. Óska öllum farsællar og óhappalausrar verslunarmannahelgar.

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

Embætti ríkislögreglustjóra:

Fagnar því að Kvenréttindafélag Íslands vekji athygli á stöðu kvenna innan lögreglunnar

Embætti ríkislögreglustjóra fagnar því að Kvenréttindafélag Íslands vekji athygli á stöðu kvenna innan lögreglunnar. Jafnframt vill embættið vekja athygli á því að nú fyrir stuttu samþykkti Alþingi lög nr.51/2014 um breytingar á lögreglulögum nr.90/ 1996, en með þeim breytingum færðist stöðuveitingarvaldið frá ráðherra og ríkislögreglustjóra til lögreglustjóranna. Í lögunum er að finna nýmæli þess efnis að ríkislögreglustjóri muni starfrækja hæfnisnefnd sem veitir lögreglustjórum ráðgefandi álit um hæfi umsækjenda við skipun í embætti lögreglumanna, en innanríkisráðherra vinnur nú að því að setja reglur um skipan og störf nefndarinnar.

Vegna fæðar kvenna í lögreglunni og hægum framgangi þeirra innan lögreglunnar þá hafði embætti ríkislögreglustjóra frumkvæði að því að vinna rannsókn á vinnumenningu lögreglunnar, í samvinnu við námsbraut í kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, á vormánuðum 2013. Í verkefninu var m.a. leitast við að svara því hvers vegna konur eru svo fámennar í lögregluliði landsins. Rannsóknin er umfangsmikil greining á vinnuumhverfi lögreglu og veitti mikilvægar upplýsingar um líðan lögreglumanna í starfi. Embætti ríkislögreglustjóra hefur litið á rannsóknina sem verkfæri til þess að leita lausna á þeim vanda sem lögreglan stendur frammi fyrir, og til að vinna að því að byggja upp jákvætt og gott starfsumhverfi í lögreglu.

Lögreglukonur við hátíðartækifæri skammt frá Alþingishúsinu.

Á Vesturlandi starfa liðlega 30 lögreglumenn í föstum störfum fyrir utan sumarafleysingar. Í þessum hópi eru aðeins þrjár konur, ein í Borgarnesi, önnur í Stykkishólmi og sú þriðja á Akranesi. Þarna er því greinilega verk að vinna í jafnréttismálunum.

Með fyrrnefndum lögum um breytingar á lögreglulögum hafa skapast mörg sóknarfæri fyrir aukið jafnréttisstarf innan lögreglunnar. Innanríkisráðherra vinnur nú að því að undirbúa stofnun nýrra lögregluembætta, en þann 1. janúar 2015 mun embættum lögreglu fækka úr 15 í níu. Þar hafa skapast tækifæri til þess að jafna hlut kvenna og karla sem fara með stjórn lögregluliða í hverju umdæmi, en í dag eru fjórar konur starfandi sem lögreglustjórar hér á landi. Að auki vinnur starfshópur innanríkisráðherra að því að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins, en hópurinn hefur það hlutverk að gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar. Þar gefst tækifæri til þess að leggja ríkari áherslu á jafnréttismál bæði við inntöku nýnema og í menntun lögreglumanna. Með þessum lögum fá lögreglustjórar veitingarvald yfir öllum stöðuveitingum innan sinna embætta. Þessi aukna ábyrgð lögreglustjóranna ætti að vera þeim hvatning til þess að vinna að auknu jafnrétti innan sinna embætta, en með auknum fjölbreytileika og jafnrétti innan lögreglunnar búum við til faglegri og öflugri löggæslu í landinu.

Umhverfisvaktin við Hvalfjörð krefur Norðurál svara

Umhverfisvaktin við Hvalfjörð hefur sent stjórnendum álverksmiðjunnar Norðuráls á Grundartanga opið bréf þar sem m.a. er farið fram á svör við ýmsum spurningum. Í bréfinu segir m.a. : Álver á heimsmælikvarða? Undanfarnar vikur hefur í fréttablöðum gefið að líta heilsíðuauglýsingu með fyrirsögninni „Álver á heimsmælikvarða." Í auglýsingunni vekur Norðurál á Grundartanga athygli á góðum tökum sínum á útsleppi mengandi efna, einkum flúors. Norðurál telur að áhrif fyrirtækisins á lífríki Hvalfjarðar séu óveruleg, bendir á niðurstöður umhverfisvöktunar fyrir árið 2013 því til sönnunar og telur gæði rekstrarins á heimsmælikvarða. Af þessu tilefni óskar Umhverfisvaktin við Hvalfjörð eftir því að forsvarsmenn Norðuráls svari eftirfarandi spurningum hið fyrsta og eigi síðar en 1. ágúst nk.

1) Er frammistaða Norðuráls á heimsmælikvarða ef iðjuverið þarf heimild til að losa ríflega 40% meira af flúor á hvert tonn áls heldur en Alcoa Fjarðaál?
2) Finnst Norðuráli rétt að miða „árangur" sinn við s. l. ár þar sem veðurskilyrði voru allt önnur en árin á undan og flúor rigndi jafnt og þétt af gróðri?
3) Finnst forsvarsmönnum Norðuráls það óveruleg umhverfisáhrif að á meirihluta vöktunarbæja skuli ár eftir ár mælast svo hátt flúor í kjálkum sauðfjár að hætta sé á tannskemmdum og að tannskemmdir hafi orðið í sauðfé nú þegar?
4) Í ljósi þess að austlægar vindáttir ríkja á svæðinu: Finnst forsvarsmönnum Norðuráls það óveruleg umhverfisáhrif að afföll sauðfjár vestan við iðjuverið skuli vera marktækt meiri og frjósemi minni heldur en í öðru sauðfé?
5) Finnst Norðuráli það æskileg staða, að áhrif langtíma flúorálags á kindur og hross skuli ekki þekkt, en leyfilegt útsleppi flúors byggt á áætluðu þoli dýranna?
6) Skýrslur sýna að heysýni voru ekki flúormæld fyrr en sex árum eftir mengunarslysið í álveri Norðuráls 2006. Hverju sætir það?
7) Norðurál hefur á hendi umsýslan vöktunar vegna eigin mengunar. Telur Norðurál, í ljósi beinna fjárhagslegra og viðskiptalegra tengsla fyrirtækisins við rannsakendur, Umhverfisstofnun og höfunda vöktunarskýrslna, trúverðugleika mengunarmælinga nægilegan?
8) Finnst forsvarsmönnum Norðuráls það til fyrirmyndar að erfitt sé að lesa skýrslur um umhverfisvöktun sér til gagns?
9) Finnst forsvarsmönnum Norðuráls það til fyrirmyndar að ekki sé til viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa í iðjuverinu?
10) Finnst forsvarsmönnum Norðuráls það til fyrirmyndar að auka álframleiðsluna og þar með losun flúors þó iðjuverið starfi í blómlegu landbúnaðarhéraði?

Norðurál á Grundartanga.

VESTURLAND
12. TBL. 3. ÁRGANGUR 2013

ÚTEFANDI: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Ámundi Ámundason, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 898-5933 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 6.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **6.400** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Á AKRANESI, DREIFBÝLI Á AKRANESI OG Í BORGARNESI. BLAÐIÐ LIGGUR EINNIG FRAMMI Á HELSTU ÞÉTTBÝLISSTÖÐUM Á VESTURLANDI

EIÐARFÆRA ÞJÓNUSTAN ehf

ÞJÓNUSTA :

HÖNNUN VEIÐARFÆRA
Hönnun veiðarfæra: Hönnum veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlaga þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA
Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA
Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA
Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24” í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreipi fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR
Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN
Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR
Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR
Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR
Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu áwww.veidarfaeri.is

VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230

Ákvörðun um heildarafla fiskveiðiárið 2014 – 2015:

Aflamark rækju við Snæfellsnes 600 tonn

Samkvæmt stofnmati er viðmiðunarstofn þorsks nú metinn um 1106 þúsund tonn og hrygningarstofninn 411 þúsund tonn. Hrygningarstofninn er nú þrefalt stærri en þegar hann var í lágmarki 1992 – 1994 og viðmiðunarstofninn stærri en hann hefur verið undanfarna þrjá áratugi. Síðasta áratug hefur veiðihlutfallið fallið úr 34% – 40% í um 20% af viðmiðunarstofni árið 2013. Meðalstærð árganga 2005–2010, sem nú eru uppistaðan í stofninum, er um 140 milljónir þriggja ára nýliða sem er um 80% af meðalstærð árganga tímabilsins 1955–2012. Allir árgangar frá 2010, nema árgangur 2011, eru minni en langtíma meðaltalið.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, segir í skýrslu stofnunarinnar um ástand fiskistofna og aflahorfur fiskveiðiárið 2014/ 2015 að þrátt fyrir að nýliðun hafi verið undir meðallagi á undangengnum áratug hefur þorskstofninn styrkst verulega og er það fyrst og fremst vegna minni sóknar. Með nýliðun síðustu ára er vart hægt að búast við meiri afrakstri úr þorskstofninum en nú er og ef aflareglunni er fylgt eru líkur á að afli haldist svipaður næstu árin. Samkvæmt gildandi aflareglu verður aflamark 218 þúsund tonn fiskveiðiárið 2014/ 2015.

„Margir af okkar nytjastofnum eru í ágætu jafnvægi og nýting þeirra hófleg, svo breytingar í stofnstærð og ráðgjöf markast gjarnan af breytilegri nýliðun stofnanna," segir Jóhann Sigurjónsson. „Þannig hafa t.d. veiðistofnar gullkarfa og ufsa verið í góðum vexti undanfarin ár. Ekki horfir hins vegar vel fyrir ýsustofninum, sem hefur farið hraðminnkandi sökum slakrar nýliðunar mörg ár í röð. Breytileiki í útbreiðslu og stofnstærð einkennir mikilvægustu uppsjávarstofna við landið. Kolmunnastofninn er nú í góðum vexti eftir að hafa verið í mikilli lægð á undanförnum árum. Stofn íslenskrar sumargotssíldar hefur mátt þola veruleg afföll síðastliðin

Engin einstakur atburður hérlendis vekur jafn mikla athygli á fiskneyslu og hollustu hennar og Fiskidagurinn mikli á Dalvík.Fiskisúpukvöldið á stóran þátt í því.

ár, bæði sökum sýkingarfaraldurs og vegna súrefnisskorts í Kolgrafafirði veturinn 2012/ 2013. Þrátt fyrir þessi miklu afföll hefur nýliðun verið góð og hrygningarstofninn því haldið svipaðri stærð undanfarin fjögur ár. Þó loðnuvertíð á sl. vetri hafi verið endaslepp eru horfur varðandi veiðar á næstu vertíð þokkalegar þar sem að töluvert af ungloðnu mældist í leiðangri síðastliðið haust og byggt á þeim mælingum hefur ráðgjöf um upphafsaflamark verið veitt. Það vekur athygli að svo virðist sem nýliðun margra hlýsjávarstofna hafi farið minnkandi á undanförnum árum. Þannig eru versnandi horfur í keilu, löngu, blálöngu, skötusel, langlúru, humri og fleiri tegundum sem að mestu halda sig í hlýjum sjó við suður- og vesturströndina.

Ástæður fyrir þessari neikvæðu þróun eru ekki þekktar, en engin merki eru um að hlýsjávarástand á Íslandsmiðum sé á undanhaldi. Hækkandi sjávarhiti hefur án efa haft áhrif á vaxandi makrílgöngur síðustu ár. Þannig hefur útbreiðsla hans náð vestur fyrir landið síðan 2011 og nýhrygnd makrílegg hafa fundist á allstóru svæði suðaustur og suður af landinu innan íslenskrar lögsögu. Hvort hin aukna makrílgengd eða aðrar breytingar í lífkerfinu séu hér að hafa áhrif á nýliðun mikilvægra nytjastofna við landið verður ekki fullyrt. Þetta er

Sumar fiskitegundir sem veiðast hér við land eru æði fáséðar, enda utan kvóta.

hins vegar rannsóknarefni, sem beina þarf sjónum betur að. Mikilvægt er að fylgjast náið með framvindu ástands sjávar í kringum landið á næstu misserum, þar sem sveiflur í hitastigi og hafstraumum hafa afgerandi áhrif á stærð og göngur fiskistofna, ekki síst uppsjávarstofnanna."

Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildarafla

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur tekið ákvörðun um heildarafla tiltekinna fisktegunda fyrir næsta fiskveiðiár,2014/ 2015, sem hefst 1. september nk. Ráðherra fylgir tillögum Hafrannsóknarstofnunnar um ráðlagðan heildarafla í öllum tegundum.

„Mér finnst mikilvægt að viðhalda orðspori okkar meðal fiskveiðiþjóða og á markaðssvæðum sem sjálfbær nýtingarþjóð sem byggir ákvarðanir sínar á vísindum. Mér finnst einnig mikilvægt að við tryggjum sem best gæði og getu til rannsókna. Því kalla ég eftir samstarfi og samráði vísindamanna og sjómanna því reynsla sjómanna stangast stundum á við niðurstöðu vísindanna," segir Sigurður Ingi Jóhannsson.

„Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum er gott. Ráðgjöf stofnunarinnar í þorski, ýsu, ufsa og gullkarfa tekur mið af langtímanýtingarstefnu. Aflaregla í þorski er nú að renna sitt skeið, en umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lögum samkvæmt, skipað samráðsnefnd um mótun langtímanýtingarstefnu fyrir fiskistofna til að fjalla um nýja aflareglu. Gera má ráð fyrir að útflutningsverðmæti sjávarafurða næsta fiskveiðiárs verði sambærilegt við yfirstandandi ár."

Samhliða verður gefin út reglugerð sem felur í sér breytingu á leyfilegum heildarafla í makríl. Ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknarráðsins (ICES) var hækkuð í 1.011 þúsund tonn í maí. Sigurður Ingi hefur því ákveðið að auka heildarafla íslenskra skipa í 167.826 tonn til samræmis við þau 16,6% af ráðgjöf sem tekin var ákvörðun um í aprílmánuði sl. Í meðfylgjandi töflu má sjá ákvörðun fyrir einstaka fisktegundir samanborið við ráðgjöf. Úr töflunni má lesa að heildarafli í þorski, gullkarfa, löngu, grálúðu og keilu er aðeins minni en ráðgjöfin. Þar er að hluta tekið tillit til væntra veiða Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga í lögsögunni í samræmi við tvíhliða samninga.

Leyfilegur heildarafli í lestum til 31. ágúst 2015

• Blálanga	3.100
• Djúpkarfi	10.000
• Grálúða	14.100
• Gullkarfi	45.600
• Gulllax	8.000
• Humar	1.650
• Íslensk sumargotssíld	82.200
• Keila	3.700
• Langa	13.800
• Langlúra	1.100
• Litli karfi	1.500
• Sandkoli	1.000
• Skarkoli	7.000
• Skrápflúra	0
• Skötuselur	1.000
• Steinbítur	7.500
• Ufsi	58.000
• Úthafsrækja	5. 000
• Rækja við Snæfellsnes	600
• Ýsa	30. 400
• Þorskur	216. 000
• Þykkvalúra/ Sólkoli	1. 600

Umhverfislausnir fyrir skrifstofur

Efnamóttakan hf. í samstarfi við Gámaþjónustuna hf. býður fyrirtækjum og stofnunum með skrifstofurekstur að annast þjónustu sem tryggir öryggi og hámarksendurvinnslu ýmissa endurvinnsluefna sem falla til á skrifstofum. Fyrirtækin veita ráðgjöf, útvega réttu ílátin og sjá um trygga losun þeirra.



Trúnaðarskjöl

Trúnaðarskjölum má safna í sérstök læst ílát. Gögnin eru síðan tætt og fyllsta trúnaðar og öryggis er gætt. Tættur pappírinn fer að því loknu til endurvinnslu.

Rafhlöður og lítil raftæki

Útvegum hentug ílát fyrir rafhlöður sem ekki mega blandast öðrum úrgangi. Í sömu ílát má einnig safna litlum raftækjum svo sem símum og myndavélum.



Prenthylki

Notuðum heilum prenthylkjum er hentugt og hagkvæmt að safna í sérstök ílát. Með því móti er endurnýting þeirra tryggð.



Stór raftæki

Sækjum stór raftæki og tryggjum að þau komist til öruggrar endurvinnslu.
Öllum trúnaðargögnum á tölvum er eytt með tryggilegum hætti.

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Sími 559 2200 • soludeild@efnamottakan.is
www.efnamottakan.is

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

VELKOMIN Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐ!

Í sumar er boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá fyrir gesti Vatnajökulsþjóðgarðs með áherslu á lifandi leiðsögn og persónulega upplifun af náttúru og umhverfi þjóðgarðsins.

GESTASTOFUR

Gestastofur Vatnajökulsþjóðgarðs eru upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans. Gestastofurnar eru jafnframt miðstöðvar fræðslu þar sem náttúru, menningu og sögu er miðlað til gesta í sýningum, fyrirlestrum og gönguferðum með landvörðum.

Gestastofur þjóðgarðsins eru: **SKAFTÁRSTOFA** á Kirkjubæjarklaustri, **SKAFTAFELLSSTOFA** í Skaftafelli, **SNÆFELLSSTOFA** á Skriðuklaustri, **GLJÚFRASTOFA** í Ásbyrgi og **GAMLABÚÐ** á Höfn.

UPPLIFÐU ÆVINTÝRI Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐI Í SUMAR!

PORT hönnun

Á vefnum **www.vjp.is** má finna allar helstu upplýsingar um Vatnajökulsþjóðgarð

Rafmagnsmál á Vesturlandi:

Ríkisstjórninni í mun að hægt sé að hraða þrífösun

Nefnd var skipuð árið 1999 til að kanna kostnað við að tryggja öllum landsmönnum þriggja fasa rafmagn. Árið 2007 var það metið svo að það tæki 20 ár að allir landsmenn hefðu aðgang að þriggja fasa rafmagni, þörfin í sveitum felst í rafvélanotkun. Árið 2007 var lögð fram almenn ósk sveitarfélagsins Borgarbyggðar um þrífösun á alla bæi. Þar kemur fram að það hamlar allri atvinnuuppbyggingu að hafa ekki þriggja fasa rafmagn, en aukning orkunotkunar efli búsetuskilyrði. Ráðherra iðnaðarmála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, var spurð hversu langt væri enn í að allir landsmenn nytu þrífasa rafmagns.

„Ríkisstjórninni er mjög í mun að finna leið til að hægt sé að hraða þrífösun um allt land, enda innviðir sem skipta miklu máli við að nýta fjölmörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli og þéttbýli. Á Vesturlandi eru 61% raflína þriggja fasa en 39%, eða 729 km einfasa. Á landinu öllu er hlutfallið 50%. Það er stefna RARIK að öll endurnýjun loftlína í dreifikerfinu verði með 3ja fasa jarðstengjum. Á þessu ári er áætlað að skipta út 9 km af einfasa línum í Miðdölum og 16 km af einfasa línum í Borgarfirði fyrir þriggja fasa jarðstrengi. Auk þess er verið að skipta út 7 km af þriggja fasa loftlínu í Leirársveit fyrir þriggja fasa jarðstreng," segir ráðherra.

Guðbjartur Gunnarsson, bóndi í Hjarðarholti í Eyja- og Miklaholtshreppi segir að vestan Vegamótar sé rafmagn víðast hvar þrífasa og komið í jörð, en í Hjarðarholti sé þriggja fasa rafmagn frá Múlaveitu sem er vatnsaflsvirkjun sem var stofnuð árið 2005 og hefur 3228 kw aflgetu. Hann segist vonast til að ríkisstjórnin hlutist til um að hraðað verði þrífösun allra býla í landinu, þörfin verði stöðugt brýnni.

Pétur Þórðarson hjá RARIK segir að stærstu svæðin sem enn séu einfasa séu líklega Flókadalur, hluti Þverárhlíðar og í Norðurárdal ofan Bifrastar, Lundareykjadalur og mið-Mýrar vestan Brúarlands að Laugagerðisskóla. Þessar framkvæmdir eru dýrar, en það kostar um 5 milljónir króna að leggja einn km af þrífasastreng í jörð að meðtalinni spennistöð.

Rafstrengir í lofti eru enn víða, en mest ber þó eðlilega á háspennustrengjum.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Umgjörð orkunýtingar, iðnaðar og nýfjárfestinga

Hlutverk skirfstofu iðnaðar og orkunýtingar er að skapa orku-, iðnaðar- og nýfjárfestingarmálum hagkvæma og skilvirka umgjörð, skýrar leikreglur og vinna að stefnumótun á því sviði. Innan viðfangsefna skrifstofunnar falla orku-, iðnaðar- og nýfjárfestingarmál í víðum skilningi samanber neðangreind viðfangsefni. Undir það falla m.a. málefni skapandi greina, hönnunar og atvinnuþróunar. Helstu viðfangsefnin eru almenn starfsskilyrði á sviði orku- og iðnaðarmála; samningar vegna nýfjárfestinga; raforkumarkaður; flutningskerfi raforku; jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku; orkusparnaður og nýting orku (þ.m.t. visthönnun vöru og orkumerkingar); orkuskipti (í samgöngum og almennt); hitaveitur, gjaldskrár og stofnstyrkir; nýting á auðlindum í jörðu og á eða undir hafsbotni; leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleit og -vinnsla); nýting vatns (grunnvatn og yfirborðsvatn); samningar við erlend ríki um samstarf á sviði orku- og iðnaðarmála; skapandi greinar; málefni hönnunar; endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og framkvæmd iðnaðarlaga.

Söngur og gleði í Krossavík á föstudagskvöldinu. Hér eru systurnar systurnar Bára og Erla Alexandersdætur, Heimir Gíslason og Drífa Skúladóttir, og öll í góðum gír.

Fjölbreytt dagskrá og mikil gleði á Sandara- og Rifsaragleðinni

Sandara- og Rifsaragleði var haldinn um síðustu helgi. Þar var margt á dagskrá svo gestirnir, sem voru fjölmargir, fundu allir eitthvað við sitt hæfi. Þarna fór m.a. fram fyrsti hluti Vestfjarðavíkingsins með kútakasti og bryggjupollaburði, dorgveiði, leiksýning, markaður í Bjarmaskúr, Óskar Hjálmtýsson söng í Röst, slysósúpan var í Tröð, kvöldrölt var með Sæmundi Kristjánssyni á Gufuskálum og á föstudagskvöldið var varðeldur og söngur Krossavík en á laugardeginum var sandkastalasmiðja á sama stað. Handverk var til sýnis, boðið upp á kvenfélagsvöfflur, bílskúrssala, afmælisveisla ungmennafélagsins Reynis var á Reynisvelli í tilefni af 80 ára afmæli félagsins og svo var götugrill í öllum götum svo enginn þurfti að vera svangur. Þessum herlegheitum öllum lauk svo með balli í Röstinni.

Það þurfti því enginn að fara leiður heim, og eflaust hefur enginn gert það.

Drengjakór íslenska lýðveldisins söng „Brimlendingu" eftir Davíð Stefánsson, lag Áskels Jónssonar, við minnismerkið „Beðið í von" sem var reist til minningar um konur og börn sem biðu eftir sjómennirnir þeirra kæmust vonandi heilir heim af sjónum.

Sæmundur Kristjánsson gengur með hóp af gömlum Söndurum um Hellissand á hverri Sandara og Rifsaragleði. Þarna er Sæmundur staddur fyrir utan vel uppgert hús af brottfluttum Sandara. Húsið heitir Ytra Vinaminni og er 100 ára í ár.

Séhannaðar Borgarfjarðarpeysur á Ullarselinu

Ullarselið á Hvanneyri er verslun með vandað handverk, ullarvörur úr íslenskri ull og gæðahandverk úr íslensku hráefni. Vörurnar sem í boði eru í Ullarselinu eru handspunnið band, peysur úr handspunnu bandi sem og flíkur úr lopa, léttlopa og ber þar hæst hinar sérhönnuðu Borgarfjarðarpeysur, jurtalitað band, kanínufiðuband og fiðuvörur, skartgripir úr hrosshári, steinum, hornum og skeljum, gestaþrautir úr tré, tilbúinn útsaumur úr jurtalituðu bandi, þæfðir hattar, inniskór og vettlingar.

Ullarselinu á Hvanneyri var komið á fót haustið 1992, sem þróunarverkefni, að tilstuðlan Bændaskólans á Hvanneyri, Búnaðarsamtaka Vesturlands og Kvenfélagasambandanna á Vesturlandi. Ullarselið er verslun rekin af Vestlendingum sem hafa áhuga á ullariðn, þar sem gömul vinnubrögð eru viðhöfð. Í versluninni eru vörur sem eru unnar úr íslensku hráefni með fjölbreyttum aðferðum. Strangt gæðaeftirlit er á þeim vörum sem í boði eru en engin vara fer í búðina án skoðunar. Ullarselið selur ennfremur vörur frá Ístex bæði band og uppskriftir. Opið er allt árið um kring.

Unnur Jónsdóttir, starfsmaður Ullarselsins með svokallaða ástarvettlinga. Þegar ástfangið par hefur klætt sig í þessa frábæru vettlinga gera leiðir þeirra einfaldlega ekki skilið!

Bæjarhátíðir og skemmtanir á Vesturlandi

Á næstu helgum geta ferðafólk, og svo auðvitað heimamenn, sótt heim ýmsar hátíðir og viðburði á Vesturlandi. Bæjarhátíðir skipa þar auðvitað stærstan sess. Þessar hátíðir eru:

- Reykholtshátíð 25. júlí
- Á góðri stund í Grundarfirði 25. júlí
- Sturla Þórðarson, 800 ára afmælishátíð í Dölum 27. júlí
- Ólafsdalshátíð 10. ágúst
- Danskir dagar í Stykkishólmi 15. ágúst

Reykholtshátíð hefur yfir sér sterkan menningarlegan blæ.

Írskir dagar á Akranesi

- gleði og kærleikur þrátt fyrir kalda norðanátt

Skagamenn eru af írskum uppruna og það fer ekkert á milli mála. Þeir láta sér fátt fyrir brjósti brenna, eru lífsglaðir og skemmtilegir heim að sækja og miklir baráttujaxlar, ekki síst á fótboltavellinum. Írar námu land á Skaga á fyrstu árum Íslandsbyggðar en nafnið Akranes kom til síðar og er dregið af kornrækt og akuryrkju sem þótti heppileg á hinu frjósama landi sem er á Akranesi.

Írskir dagar voru haldnir í 15. sinn dagana 3. til 6. júlí sl. Þótt veðrið væri ekki sem best létu Skagamenn og gestir þeirra það ekki á sig fá, og mættu vel á marga dagskrárliði sem voru til boða. Þessa daga eru brottfluttir Skagamenn kallaðir heim og á Írskum dögum er fjölskyldufólk sérstaklega boðið velkomið í heimsókn á Akranes. Fólk sækir að úr öllum áttum til að drekka í sig írsk-íslenska menningarblöndu, sýna sig og sjá aðra eða hitta vini og ættingja. Akranes tjaldar írska fánanum þennan dag.

Fram fór m.a. sjósund, útimarkaður, strandlíf, dorgveiði, sandkastalakeppni, og keppni um rauðhærðasta Íslendinginn. Úti um allan bæ voru alveg magnaðar grillveislur, en aðal hátíðarsvæðið var Jaðarsbökkum og á Langasandi. Að kvöldi laugardagsins var svo brekkusöngur og nafntogað lopapeysuball sem haldið var í skemmum sem áður tilheyrðu Sementsverksmiðjunni.

Margir tóku sér far með hringekjunni.

Margir mættu á brekkusönginn þrátt fyrir kuldanepjuna.

Kátar stelpur á brekkusöngnum um kvöldið við íþróttavöllinn.

Á lopapeysuballinu um kvöldið ríkt ósvikin gleði og kærleikur.

„Maður sleppur því ekki að mæta á svona brekkusöng, og auðvitað er miklu betri helmingur minn með mér, hvað annað!" sagði Ólafur Adólfsson, formaður bæjarráðs Akranes.

Grænn huldumaður, eða kannski geimvera, sást á svæðinu.

Fjölbreytileikinn gerir verslunina aðlaðandi.

Gjafavöruverslunin @home á Akranesi:

Afar skemmtilegar vörur í þægilegu andrúmslofti

Gjafavöruverslunin @home á Akranesi er sannarlega þess virði að heimsækja, ekki síst ef leitað er eftir tækifærisgjöfum, afmælsigjöfum eða bara einhverju öðru. Á Írskum dögum á Akranesi fyrir skömmu var boðið upp á 15% afslátt og svo var opið fram eftir öllu kvöldi auk þess sem boðið var upp á léttar veitingar.

Í @home má m.a. fá afar skemmtilega púða eins og t.d. með mynd af urtubarni, múminbolla, skrautlegar

Þarftu að pakka inn gjöf?

slaufur á unga töffara, hárbönd í alla veganna gerðum og litum, kertastjaka frá listamanninum Önnu Þórunni og fleira. Það er enginn svikinn af því að líta þarna við.

Landbúnaðarklasinn tengir saman þá sem tengjast landbúnaði

Nýlega voru stofnuð samtökin Landbúnaðarklasinn og er hugmyndin með stofnuninni að tengja saman alla þá sem hafa tengst landbúnaði með einum eða öðrum hætti.

Haraldur Benediktsson bóndi og alþingismaður segir að Landbúnaðarklasinn sé frjáls félagasamtök félaga og fyrirtækja sem starfa beint eða óbeint við landbúnað. „Hver þörfin er fyrir samtökin mun ákvarðast af þeim sem ganga til liðs við þau, enda eru þau fjármögnuð með félagsgjöldum. Slík regnhlífarsamtök hafa ekki verið til þó að fjölbreytt félagsstarf sé meðal bænda. Landbúnaðurinn er grein í íslensku atvinnulífi en of fáir gera sér grein fyrir því. Það er því verðugt verkefni þessara regnhlíasamtaka að upplýsa, greina og draga fram mikilvægi þess að landbúnaður vaxi og dafni. Of oft er verið að fjalla um landbúnaðinn á neikvæðan hátt og hagsmunir hans slitnir úr samhengi," segir Haraldur Benediktsson.

Á stofnfundi Landbúnaðarklasans var Haraldur kosinn formaður. Þá benti hann m.a. á mikilægi þess að þétta hópinn og sækja fram nú þegar horft væri fram á miklar breytingar og tækifæri í landbúnaði. Landbúnarklasinn væri m.a. að vettvangur bænda, félaga og fyrirtækja sem þeim tengjast. Ekki megi

Haraldur Benediktsson með fjölskyldu sinni á Búnaðarþingi 2014.

Vill nokkur skynsamur maður sjá íslenskar landbúnaðarafurðir hverfa úr hillum verslana?

láta neitt verða í veginum til að trufla þá framfarasókn sem íslenskur landbúnaður þarf á að halda. Það séu ekki bara bændurnir sem þurfa að standa þar í stafni heldur líka þeir sem þjónusta landbúnaðinn.

Flutningur Fiskistofu til Akureyrar:

„Heppilegra að gera flutninga stofnana í áföngum“

- segir Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, hefur kynnt í ríkisstjórninni áform um að efla starfsemi Fiskistofu á Akureyri og flytja höfuðstöðvar stofnunarinnar þangað. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að „Mikilvægt sé að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa…“ Opinberar úttektir sýna að á síðustu árum hefur opinberum störfum fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, meðan þeim fækkar á flestum stöðum á landsbyggðinni. Fiskistofa er með fimm starfstöðvar á landsbyggðinni: Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Höfn í Hornafirði, en höfuðstöðvarnar eru í Hafnarfirði. Breytingarnar snúa eingöngu að flutningi höfuðstöðvanna. Tölvudeild Fiskistofu, sem rekin er sameiginlega með Hafrannsóknarstofnun, verður ekki flutt, auk þess sem reiknað er með að Fiskistofa verði með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að flutningum verði lokið í lok næsta árs.

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum

Fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lagt til að unnið verði að framgangi byggðamála með það að markmiði að búsetuskilyrði í landinu verði sem fjölbreytilegust og standist á hverjum tíma samkeppni um fólk við nálæg lönd og að byggð dreifist sem víðast um landið. Í samræmi við þá stefnumörkun var m.a. samþykkt að unnið verði að því að samkeppnisgeta höfuðborgarsvæðisins gagnvart útlöndum verði tryggð þannig að þar geti þróast öflugt alþjóðlegt atvinnu og efnahagsumhverfi. . Unnið verði að því að byggja upp öflugt þjónustu- og vaxtarsvæði á Eyjafjarðarsvæðinu sem valkost við höfuðborgarsvæðið hvað varðar fjölbreytni atvinnulífs og aðgengi að fjölbreyttri þjónustu.

Halldór Halldórsson.

Almennt má segja að ríkisvaldið á að vera meðvitaðra um opinber störf víða um landið og það eigi að vera stefna sem alltaf er til viðmiðunar. Ekki bara þegar einhverjum dettur í hug að flytja einhverja eina stofnun með þeim látum sem því fylgir.

Í öðrum landshlutum verði byggð upp öflug þjónustu- og vaxtarsvæði, landshlutakjarnar, með áherslu á svæðabundið hlutverk þeirra. Þessum þjónustu- og vaxtarsvæðum verði skapaðir möguleikar til að treysta búsetu í viðkomandi landshlutum og þannig verði þeir kjölfesta fyrir dreifingu byggðar í landinu. Vegna stöðunnar í búferlaflutningum innanlands verði fyrst í stað lögð áhersla á uppbyggingu slíkra kjarna á Ísafjarðarsvæðinu og á Mið-Austurlandi. Þess skal þó gætt að áfram verði haldið uppbyggingu annarra landshlutakjarna, svo sem á Suður- og Vesturlandi. . Jafnhliða skilgreiningum á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðum verði hlutverk annarra byggðasvæða í landinu skilgreint. Þar verði tekið á þjónustuframboði, en ekki síður á uppbyggingu samgangna, þannig að íbúar þeirra svæða fái notið þeirrar þjónustu sem byggð verður upp á kjarnasvæðunum. Þjónusta og framtíðarmöguleikar þessara svæða verði ekki skert og sérstaklega hugað að ýmissi þjónustu, framkvæmdum og verkefnum sem henta tilteknum svæðum og nauðsynlegt er að viðhalda til að treysta byggðina.5. Sveitarstjórnar-, byggða- og skipulags- og byggingarmál verði sameinuð í eitt ráðuneyti, ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála. Sveitarfélögin verði stækkuð og efld til að þau ráði betur við núverandi sem og ný verkefni. Markvisst verði unnið að því að stækka sveitarfélögin með frjálsri sameiningu. Í þeirri vinnu verði stærð sveitarfélaganna við það miðuð að þau nái a.m.k. yfir heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði.

Í allri umræðu um byggðaþróun er mikilvægt að greina eðli hennar með nákvæmari hætti en verið hefur og að aðgerðir í byggðamálum taki mið af þeirri greiningu. Þannig er ljóst að áhrifa höfuðborgarsvæðisins gætir víðar en áður og þróun byggðar á hinum ýmsu svæðum landsins er breytileg. Þróun byggðar í landinu mótist fyrst og fremst af efnahags- og atvinnumálum. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að það sé alveg kominn tími á að endurnýja þessa stefnu en hún er frá 2002 en standi vissulega fyrir sínu ennþá. Þarna komi fram stuðningur við að staðsetja opinberar stofnanir út um landið.

Flytja á stofnanir í áföngum

- Öllum núverandi starfsmönnum býðst að flytja með stofnuninni norður. Áætlað er að hluti af flutningi starfseminnar muni gerast vegna starfsmannaveltu þannig að ráðningar verða fyrst og fremst á Akureyri. Velji starfsmenn að segja upp í tengslum við þessar skipulagsbreytingar, mun þeim bjóðast fagleg aðstoð við endurmenntun og atvinnuleit. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur m.a. haft það að markmiði að efla byggð og atvinnu á landsbyggðinni. Halldór Halldórsson, formaður SÍS, var spurður hvort þessi ákvörðun sjávarútvegsráðherra væri honum þóknanleg, m.a. til að efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

„Að sjálfsögðu stend ég með stefnu sambandsins. Þegar hún var unnin kom þáverandi borgarstjóri að stefnumótunarvinnunni og það var mikið samstarf við þessa stefnu milli landsbyggðar og höfuðborgar. Varðandi færslu Fiskistofu til Akureyrar þá finnst mér heppilegra að gera slíkt í áföngum. Það skilar engu að setja stóran hóp starfsmanna í uppnám. Fjöldi fólks getur hreinlega ekki flutt sig milli landshluta.“

- Reykjavík, og þar með talið allt höfuðborgarsvæðið, er miðstöð stjórnsýslunnar. Er eðlilegt að flytja svo mikilvæga stofnun sem Fiskistofu út á landsbyggðina? Þarf ríkisstjórnin ekki að móta heildarstefnu um flutning og þar með staðsetningu stofnanna og fyrirtækja sem heyra undir opinbera starfsemi?

„Almennt má segja að ríkisvaldið á að vera meðvitaðra um opinber störf víða um landið og það eigi að vera stefna sem alltaf er til viðmiðunar. Ekki bara þegar einhverjum dettur í hug að flytja einhverja eina stofnun með þeim látum sem því fylgir.“

Besta byggðastefnan

- Eru starfræktar stofnanir eða opinber fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem þú sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga eðlilegt að séu með sína starfsemi eða höfuðstöðvar á landsbyggðinni. Togast þar kannski á sjónarmið þín sem formaður SÍS og hins vegar sem borgarfulltrúi í Reykjavík?

„Flest opinber störf eru og eiga að vera í höfuðborginni. Það er eðlilegt að sem mest þjónusta sé þannig aðgengileg öllum landsmönnum. En.…til að það gangi upp þarf höfuðborginni að vera stýrt þannig að þar sé hugsað um gott aðgengi landsmanna að henni. Þar vegur innanlandsflugið þungt en það verður að vera í eða við höfuðborgina. Ekki í Keflavík. Að mínu mati er besta byggðastefnan og jafnasta dreifing starfa fólgin í því að fær miklu fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaganna,“ segir Halldór Halldórsson.

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum.

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga.
Einnig fáanlegar með mótordrifi.

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, Fax: 587-9192

Bjarkey Gunnarsdóttir alþingismaður:

„Ekki átti að setja flutning Fiskistofu fram með þessum hætti“

Bjarkey Gunnarsdóttir alþingismaður segir að hugmyndafræðin með því að efla starfsemi Fiskistofu úti á landi og það að aðalstarfsemin gæti orðið á Akureyri í fyllingu tímans, þar sem um er að ræða stærsta þéttbýli og háskólasamfélag utan höfuðborgarsvæðisins, er að hennar viti góð. „Það er hins vegar spurning um hvernig slíkt er framkvæmt og það er það sem við Vinstri græn erum að gagnrýna nú. Það geta ekki talist góð vinnubrögð að tilkynna starfsfólki slíkt með svo skömmum fyrirvara og án alls samráðs að ég tali nú ekki um samráðsleysið við Alþingi, fjárheimildir og að jafnvel skorti lagastoð fyrir þessu. Svona vinnubrögð verða til þess að gera flutning eða fjölgun starfa á landsbyggðinni tortryggilega og gerir fátt annað en að skapa úlfúð á milli landsbyggðar og höfuðborgar sem svo sannarlega er ekki það sem við þurfum.

Mín skoðun er sú að ekki hefði átt að setja flutning Fiskistofu fram með þessum hætti heldur að horfa til þess að nú þegar er starfsemin á mörgum stöðum og hafa í huga að eitt er að flytja störf og verkefni annað að taka heila stofnun og ætla að flytja hana með manni og mús á einu bretti. Ef um væri að ræða nýja starfsemi

Bjarkey Gunnarsdóttir.

horfir allt annað við,“ segir Bjarkey Gunnarsdóttir.

„Flutningur á starfsemi Fiskistofu hefði getað verið með öðrum hætti ef um það næðist samstaða á Alþingi með frumvarpi næsta haust. Ef þungamiðja starfsemi Fiskistofu verði á Akureyri verði það framkvæmt í áföngum á næstu árum. Forstöðumaður yrði þar staðsettur t.d. frá og með næsta ári og nýráðningar verði einungis á Akureyri. Þeir sem myndu vilja flytja fengju til þess aðstoð en þeir sem vildu halda áfram í Hafnarfirði yrði gert það kleift. Þetta væri liður í að dreifa opinberum störfum um landið og efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugan valkost fyrir staðsetningu háskóla- rannsóknar og stjórnsýslustarfsemi.

Þetta sama á við um aðra starfsemi ef flytja á til störf eða stofnanir. Vinstri græn eru afar hlynnt því að opinberum störfum sé fjölgað á landsbyggðinni og að til þess sé sérstaklega horft að tengja það atvinnugreinum eða aðstæðum á landsbyggðinni eins og kostur er. Svo eru störf án staðsetningar valkostur sem vert er að huga að eins og t.d. var gert með Umhverfisstofnun. Skógræktin á Héraði er líka dæmi um flutning sem tókst vel og var vel kynntur og undirbúinn með starfsfólki og með samþykki Alþingis. En mikilvægast er ríkisstjórnin og Alþingi marki stefnu og kortleggi hvaða stofnanir – ef einhverjar – sé heppilegt að flytja á landsbyggðina eða finna nýjum stofnunum stað. Það er eiginlega ólíðandi að forsætisráðherra tali með þeim hætti að fleiri svona útspil séu væntanleg og setji þar með starfsfólk opinberra stofnana í þá ömurlegu aðstöðu að hugsa hvort þeirra stofnun og starf sé jafnvel næst. Tala þarf skýrt í þessum efnum,“ segir Bjarkey Gunnarsdóttir alþingismaður.

Ertu fjölrafeinda-tæknilistafræðinga-hönnunarverktaki?

Skráð starfsheiti í símaskrá vekja oft furðu eða jafnvel kátínu. Ofangreint starfsheiti er að finna í símaskránni og reyndar mörg fleiri sem ekki gott að skilja og raunar eru mörg starfsheiti greinilega bara sett í símaskrá öðrumtil skemmtunar. Allmargir ljónatemjarar eru í símaskránni en hvað skyldi ljónatemjari á Suðureyri vera með mörg ljón? Margir eru ástfangnir en varla hafa menn tekjur af því nema sú að sá sem ástin beinist að sé moldrík/ ur. Smalar eru nokkrir, en ekki er alltaf verið að smala búfé nema um fjármuni sé að ræða, þ. e. að raka saman fjármunum en ekki búfé. Austur á landi býr gíraffasérfræðingur og gáfnaljós og reyndar eru gáfnaljósin nokkuð fleiri í simaskráinni, ekkert litillæti þar á ferðinni. Svo eru það sérfræðingarnir sem auðvitað geta verið og eru sérfræðingar flestir hverjir en starfsheitið hlaupari er frekar torskilið. Svo er maður í Hveragerði sem titlar sig Bíldæling; spurning hvort mikið sé að gera í því fagi!



Er símaskráin skemmtileg?

Sumir vilja vekja athygli á hvaða íþróttafélag þeir styðja, eins og þeir sem titla sig Valsara, KR-ing og Blika og raunar fleirum íþróttafélögum, en öðrum nægir af miklu lítillæti að titla sig afreksmann. Lestur símaskrárinnar getur stundum verið býsna skemmtilegur ef það er gert með réttu hugarfari.

Auglýsingasíminn er 578 1190

Sundlaugin í Borgarnesi

Höfum endurbætt þreksal og innilaug og bjóðum ykkur velkomin að njóta þeirrar frábæru aðstöðu sem í boði er.

Sundlaugin í Borgarnesi er opin:
Virka daga frá kl. 06:30 – 22:00 um helgar frá kl. 09:00 – 18:00
Þreksalurinn er opin:
Virka daga frá kl. 06:30 – 21:30. Um helgar frá kl. 09:00 – 17:30
Íris Grönfeldt íþróttafræðingur leiðbeinir í þreksal
Mánudaga frá kl. 14:30 – 18:00
Þriðjudaga frá kl. 13:00 – 18:00
Fimmtudögum frá kl. 15:00 – 17:00
Föstudaga frá kl. 13:00 – 14:00

Íþróttamiðstöð Borgarbyggðar
Borgarbraut 14, 310 Borgarnes

ALLT TIL MÁLMSUÐU OG MÁLMSKURÐAR
OERLIKON
OERLIKON er einn stærsti rafsuðuvíra-framleiðandi í Evrópu. Gæði og gott verð.
KÜHTREIBER
KITin 1900 HF TIG
KITin 320 MIG
NEOPULSE 270 MIG
PEARL 180 MIG/MAG AÐEINS 10 KG
Úrval rafsuðuvéla frá KUHTREIBER og GYS
Gastækin frá AGA og HARRIS hafa þjónað Íslendingum um árabil
GASTEC
• ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •
BÍLDSHÖFÐA 14 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 7000 • WWW.GASTEC.IS
GASVÖRUR • RAFSUÐUVÖRUR • ÖRYGGISVÖRUR • SLÍPIVÖRUR

Starf á skrifstofu UMSB

Ungmennasamband Borgarfjarðar óskar eftir starfsmanni á skrifstofu sambandsins í nýtt og spennandi starf á sviði tómstundamála í Borgarbyggð. Um er að ræða fullt starf.

Helstu verkefni eru skipulagning og yfirumsjón með íþrótta og tómstundaskóla fyrir börn í 1.-4.bekk, sumarstarfi grunnskólabarna og starfsemi félagsmiðstöðva í Borgarbyggð ásamt öðrum verkefnum á sviði tómstunda og íþróttamála.

Menntunar og hæfniskröfur: Menntun á sviði uppeldis-, félags- eða tómstundamála er kostur. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk grunnþekkingar á tölvum í t.d. word og excel. Þekking á íþrótta og tómstundastarfi ungmenna er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið og starfsemi UMSB gefur framkvæmdastjóri í síma: 869-7092 eða umsb@umsb.is

Umsóknarfrestur er til 23.júlí 2014 og skal skila umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið umsb@umsb.is eða á skrifstofu UMSB á Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður öllum umsóknum svarað.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Eigum til reimar í miklu úrvali í flestar gerðir snjósleða og fjórhjóla.
www.4h.is
UltimaxXS High Performance Belts by CARLISLE
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

Mikið úrval auka og varahluta í flestar gerðir hjóla.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

Blásið var til fagnaðar á Hvanneyri

Í ár eru liðin 125 ár síðan fyrsti nemandinn innritaðist í Bændaskólann á Hvanneyri. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá en Enn innritast bændur í skóla á Hvanneyri ásamt öðrum nemendum á önnur skólastig en þar er starfræktur leikskóli, grunnskóli, auk bændadeildarinnar og háskóladeilda LbhÍ. Þessi langa skólasaga og mikla framboð menntunar er nokkuð sérstakt í ekki stærra þorpi og líklega einsdæmi. Því var mikið mikið um dýrðir á Hvanneyri sl. laugardag þegar þessarar tímamóta var fagnað samhliða dráttarvéladeginum. Til að fagna þessum tímamótum var blásið til fagnaðar á Hvanneyri og hátíðarhöldin tengd við hinn árlega safnadag. Landbúnaðarsafnið var með sína dráttarvélasýningu sem vakið hefur athygli og félagar í Fornbílafjélagi Borgarfjarðar mættu með lystikerrur á ýmsum aldri og gerðum.

Í myndarlegum tjöldum var m.a. bændamarkaður og handverksfólk og kvenfélagið 19. júní var með veitingasölu. Elsta hús staðarins, Skemman, hýsir nú kaffihús sem bauð upp á rjúkandi kaffibolla og belgískar vöfflur. Húsdýr voru á vappi og boðið var upp á fjölbreytt tónlistaratriði heimamanna og annarra. Hátíðardagskránni lauk með tónleikum Brother Grass í þróttahúsinu um kvöldið.

Sungið með hárri raust.

SKEMMAN. Þar var boðið upp á rjúkandi kaffibolla og belgískar vöfflur og utan við húsið var boðið upp á Árdegislambamána.

Prófasturinn í Reykholti, Geir Waage, á tali við einn gestanna á Hvanneyri sl. laugardag.

Tjaldur SH-270 við bryggju í Reykjavíkurhöfn fyrir nokkru. Líklega slipptaka.

Línubáturinn Tjaldur hefur fjölbreyttan kvóta

- heldur rýrt í skrápfúrunni, aðeins 4 kg!

Aflamark línubátsins Tjalds SH er í nokkrum tegundum en mismunandi mikið. Aflamark í skrápflúru er aðeins 4 kg svo varla verður gert út á veiðar á skrápflúrunni. Svona lítur þetta út:

- Ufsi 357.509 kg
- Ýsa 185.772 kg
- Karfi 171.032 kg
- Keila 131.469 kg
- Skötuselur 1.927 kg
- Skrápflúra 4 kg

Eigandi Tjalds SH er KG Fiskverkun í Rifi en báturinn var keyptur fyrir nokkrum misserum. KG Fiskverkun reisti nýja nýja saltfiskverkun sumarið 2007 og hefur væntanlega þarfnast aukins hráefnis til vinnslu. Húsið er um 2.400 fermetrar að grunnfleti, en vinnslusalur er 2.000 fermetrar. Þjónusturými og skrifstofur eru á tveimur hæðum, sem eru að grunnfleti 340 fermetrar.

Nýja húsið leysti af hólmi eldra vinnsluhús, en þar voru unnin árlega 1.500 til 1.600 tonn. Vinnslubúnaður þaðan var fluttur í nýja húsið til við-

Hús KG Fiskverkunar í Rifi.

bótar nýjum tækjum. KG kaupir auk þess fisk til vinnslu á fiskmörkuðum til að halda vinnslunni stöðugri. Eigandi og framkvæmdastjóri KG fiskverkunar er Hjálmar Kristjánsson.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir nýr skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar

Nýr skólameistari hefur verið ráðinn við Menntaskóla Borgarfjarðar en það er Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir. Hún er viðskiptafræðingur frá Bifröst og tók kennsluréttindi við Háskólann á Akureyri. Þá lauk hún meistaranámi í alþjóðlegum viðskiptum, einnig frá Bifröst. Guðrún hefur reynslu af kennslu, skipulagningu hennar og stjórnun. Hún hefur víða starfað en lengst af hefur hún við Háskólann á Bifröst, verið þar umsjónarmaður með ýmsum námsbrautum auk þess að kenna.

PÓSTDREIFING
10 ára
Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík

SUMAR TILBOÐ

PRENTUN OG DREIFING

Tilboðin gilda í júní og júlí 2014

Pakki 1

Einblöðungur A5 – 72.000 eintök

Einblöðungur í stærðinni A5 (148x210 mm) prentaður beggja vegna í lit á 135 g pappír og dreift á heimili á höfuðborgarsvæðinu og/eða Akureyri, allt eftir þínum óskum.

Verð per eintak 8,0 kr. án vsk.
(miðað við 72.000 eintök)

Pakki 2

Einblöðungur A4 – 72.000 eintök

Einblöðungur í stærðinni A4 (210x297 mm) prentaður beggja vegna í lit á 135 g pappír og dreift á heimili á höfuðborgarsvæðinu og/eða Akureyri, allt eftir þínum óskum.

Verð per eintak 9,5 kr. án vsk.
(miðað við 72.000 eintök)

Hægt er að dreifa öllu upplaginu í einni dreifingu eða skipta upplaginu upp í fleiri en eina dreifingu þar sem sent er á ákveðin sveitarfélög eða póstnúmer.

Að sjálfsögðu er hægt að laga tilboðin til eftir þörfum, t.d. þyngd pappírs eða fjölda og breytist verðið eftir því.

Hafðu samband við söludeild okkar í síma 585-8300 og fáðu nánari upplýsingar um þessi frábæru tilboð og hvaða möguleika við bjóðum upp á í dreifingu.

Póst dreifing

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is

Leikgleðin ríkir í leikjum yngri flokkanna

Þótt elstu flokkar karla og kvenna í knattspynu dragi auðvitað að sér mesta athyglina, og áhorfendur, þegar þeir eru að leika, er það þess virði að horfa einnig á yngri flokkana leika. Þar ríkir oftast mikil leikgleði og ákefð að standa sig vel. Sigur í leik kallar oftast fram mikinn fögnuð en einnig er oft stutt í tárin í yngstu aldursfokkunum ef ekki gengur í leiknum sem skyldi. En þá er bara að taka sig saman og gera betur í næsta leik.

Ekkert var gefið eftir í leik ÍA gegn HK. Hér er sending að koma inn fyrir vörn HK og tekið til fótanna til að ná henni.

Skagamenn senda flokka í öllum aldursflokkum karla og kvenna, og VESTURLAND fylgdist með leik ÍA í 5. flokki kvenna A lið-A gegn Víkingi Reykjavík og leik ÍA í 3. flokki B gegn HK í Kópavogi. Það var vel þess virði þótt áhorfendur væru ekki margir, aðallega foreldrar, systkini og önnur skyldmenni.

Leikur ÍA gegn Víkingi bauð upp á skemmtilega spretti.

Víkingur Ólafsvík:

Markar ákveðna stefnu hvað varðar kynþátta-misrétti og fordóma

Knattspyrnudeild Víkings Ólafsvík hefur markað sér beinskeytta og ákveðna stefnu hvað varðar málefni kynþáttamisrétti og fordóma. Þykir það döpur staðreynd að um heim allan verða einstaklingar fyrir fordómum og aðkasti vegna uppruna síns nær daglega. Víkingur Ólafsvík vill leggja sitt af mörkum til að útrýma kynþáttamisrétti. Spurningin er í raun sú hvort fólk geri sér almennt grein fyrir hvað felst í hugtakinu fordómar? Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgengin(n) eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna. Með samstilltu átaki er hægt að áorka miklu og útrýmt fordómum bæði inn á knattspyrnuvellinum og fyrir utan hann. Stefna Víkings er einfaldlega sú að allir ganga jafnir að sömu dyrum og kynþáttamisrétti eða fordómar af hvaða tagi sem er eru ekki liðnir.

Tíu þrepa áætlun UEFA

Víkingur Ólafsvík einsetur sér að fara eftir 10 þrepa áætlun UEFA gegn kynþáttafordómum (UEFA´s 10 point plan on racism) sem felur eftirfarandi punkta í sér.

I. Gefa skal út formlega yfirlýsingu/ stefnu félags þar sem fram kemur að kynþáttafordómar og aðrir fordómar verði ekki liðnir. Fram þarf að koma til hvaða aðgerða verði gripið gegn þeim sem taka þátt í kynþáttafordómum. Þessa stefnu ætti að birta opinberlega, á vefsíðu félagsins og/ eða í leikskrám.
II. Vallarþulur minnir á mikilvægi baráttunnar gegn kynþáttafordómum.

Frá knattspyrnuleik í Ólafsvík sl. sumar. Margir Víkingar kringum boltann.

III. Gert er að skilyrði fyrir þá sem kaupa ársmiða að þeir taki ekki þátt í aðgerðum sem sýna kynþáttafordóma.
IV. Gripið er til aðgerða gegn þeim sem dreifa kynþáttaóhróðri við leikvanginn eða dreifa prentuðu efni sem hvetur til kynþáttafordóma.
V. Gripið er til aðgerða gegn leikmönnum og/ eða þjálfurum sem gerast sekir um að sýna kynþáttafordóma.
VI. Stefnu félagsins skal komið á framfæri við önnur félög til að tryggja að þau séu meðvituð um stefnu félagsins.
VII. Unnið er að samræmdum aðgerðum og viðbrögðum gæslumann og lögreglu gegn þeim sem verða uppvísir að sýna kynþáttafordóma.
VIII. Öll skilaboð sem sýna kynþáttafordóma (veggjakrot, fánar) skulu strax fjarlægð.
IX. Gæta skal þess að allir hafi jöfn tækifæri til atvinnu hjá félaginu.
X. Unnið er með öllum tengdum hópum og félögum, yfirvöldum og öðrum aðilum til að þróa áætlun og ná árangir í baráttunni gegn kynþáttafordómum.

Sturlu saga Böðvarssonar

- kveðskapur eftir Theódór Guðmundsson í Stykkishólmi

Við skulum því ekki gleyma
að Sturla hefur varað við
betra væri að sitja heima
enn að fara að kjósa sig.

Þrjátíu og sex ár var í burtu
sinnti ekki Hólminum
loksins er ég kominn aftur
sigruðu þau í Háinu.

Það var ósköp lítið eftir
nema nokkrar skrifstofur
alla var selt og burtu tekið
af einhverra konar útvöldum.

Ýmislegt nú gengur betur
síðan ég lagði hönd mína á
þó að margar bláar öldur
brjóti okkar landi á.

Háið

Minningagreinin var svo flott
hjá Sturlu Böðvarssyni
um D-ið sem að flýði á brott
úr sínu gamla hýði
blokkin er svo svaka flott

Theódór Guðmundsson.

algjört staðarprýði
Styttu af Sturlu væri gott
að hafa þar til sýnis.

Nú skaæ taka á árunum
en hvert á að róa
mig langar svo að vita það
mig klæjar í lófa.

Stefnulaus en æðir um
gamli bæjarstjórinn
vildi ekki ræða um
hvar þeir yrðu um jólin.

Theódór Guðmundsson

MANITOU MLT 625- 75 H

Nett fjölnotatæki

Lyftigeta: 2.500 kg
Lyftihæð: 5.900 mm
4-hjóladrifinn
4-hjólastýrður
75 hö, Kubota,
Hlaðinn aukabúnaði td., loftkælt ökumannshús, skófla, gafflar, útvarp.

STAÐGREIÐSLUVERÐ KR. 8.200.000 + VSK

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Símar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is

N°1

í þvotti og þurrkun á

60 mínútum.

Whirlpool

6th sense

FULLKOMIN ÞURRKUN.

Taktu glösin beint úr vélinni og á borðið, án þess að þurfa að þurrka með viskustykkinu, því þau eru skínandi hrein.

LÍKA VÖRUR ÚR PLASTI.

Framúrskarandi þurrkeiginleikar jafnvel á hlutum úr plasti, svo hægt er að setja allt beint upp í skáp.

ENGINN FORÞVOTTUR.

Skynjarar með sjötta skilningarvitið nema óhreinindi og stilla vatnsþrýsting á 28 öflugum vatnsstútum.

TILBOÐ

129.995

FULLT VERÐ 149.995

VÉLIN FÆRST Í 3 ÚTGÁFUM

HVÍT, STÁL EÐA TIL INNBYGGINGAR

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500